

✉ Re: Kynning\_Lýsing-skipulagsverkefni\_br-ask\_Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð skv. 1.mgr.30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Búið til	19.10.2022 17:59:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.10.2022 17:59:04
Tilheyrir	📁 202209-0034 - Kynning_Lýsing-skipulagsverkefni-Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð

## Efni

Re: Kynning\_Lýsing-skipulagsverkefni\_br-ask\_Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð skv. 1.mgr.30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	19.10.2022 17:59:04	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bergljote@kopavogur.is, Skipulag@kopavogur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

## Innihald

Góðan dag,  
Tilvísun í mál nr. 202209-0034 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 3. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Um er að ræða 2. breytingu á aðalskipulaginu frá staðfestingu þess 28. desember 2021.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu fyrir deiliskipulag sama svæðis þann 25. maí 2021 og um deiliskipulagstillöguna þann 6. maí 2022 (í forkynningarferli), en er nú stefnt að því að móta áfram deiliskipulagstillöguna í kjölfar breytingar á aðalskipulagi. Mun deiliskipulagstillagan því aftur verða send til umsagnar samhliða breytingartillögu á aðalskipulagi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagslýsingu þann 25. maí 2021 kom fram mat stofnunarinnar á verndargildi svæðisins en þar kom fram að um raskað svæði væri að ræða með lítið verndargildi. Hins vegar var lagt til að gerð yrði úttekt á fuglalífi og að kortlögð yrði útbreiðsla plöntutegundarinnar blátoppu sem er válistategund (og í dag friðuð samkvæmt auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðherra nr. 1385 frá 18. nóvember 2021).

Kópavogsbær leitaði til Náttúrufræðistofnunar sem framkvæmdi úttekt á gróðurfari og fuglalífi skipulagssvæðisins sumarið 2021. Fjallað var um niðurstöður úttektarinnar í greinargerð með deiliskipulagstillögunni og í umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagið frá 6. maí 2022 kom fram að þótt vaxtarstaðir blátoppu í norðausturhorni skipulagssvæðisins myndu lenda inni á opnu svæði og eitthvað af vaxtarstöðum vestast á skipulagssvæðinu yrði einhverjum raskað nema farið yrði í tilfærslur á torfum yfir á önnur opin svæði, helst með mólendisgróðri. Í umsögninni var einnig mælt með að hlífa og/eða nýta grágrýtishnullunga af svæðinu við landslagsmótun eins og við á.

Skipulagslýsingin sem nú er til kynningar er vegna þess að útfærsla á deiliskipulagstillögunni í ljósi ábendinga á umsagnartíma kallar á tilfærslu á landnóktunarreitum í aðalskipulagi. Breytingin felst m.a. í að færa og stækka opið svæði gegnum byggðina. Ekki virðist sem breytingin muni hafa stórfelld áhrif á stöðu blátoppu og með stækkun opins svæðis aukast mögulega tækifæri til að færa torfur af henni inn á það ef þörf þykir sem og að koma fyrir grágrýtishnullungum sem raska þarf vegna framkvæmda. Huga þarf áfram að þessum atriðum að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á athugasemdum síðar, einkum um endanlega deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Bergljót Sigríður Einarasdóttir" <bergljote@kopavogur.is>

**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "natkop" <natkop@kopavogur.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "borgarsogusafn@reykjavik.is" <borgarsogusafn@reykjavik.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "legal@isavia.is" <legal@isavia.is>; "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>; "hef@heilbrigdiseftirlit.is" <hef@heilbrigdiseftirlit.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "straeto@straeto.is" <straeto@straeto.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "skipulag@reykjavik.is" <skipulag@reykjavik.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "Framkvæmdasýsla ríkisins - FSRE" <fsre@fsre.is>

**CC:** "Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS" <Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is>;

"axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>; "finnur@natkop.is" <finnur@natkop.is>; "petur@minjastofnun.is" <petur@minjastofnun.is>; "gudrun.helga.stefansdottir@reykjavik.is" <gudrun.helga.stefansdottir@reykjavik.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "halldor.zoega@samgongustofa.is" <halldor.zoega@samgongustofa.is>; "hordur@heilbrigdiseftirlit.is" <hordur@heilbrigdiseftirlit.is>; "pall@heilbrigdiseftirlit.is" <pall@heilbrigdiseftirlit.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "haraldur.sigurdsson@reykjavik.is" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>; "bjorn.axelsson@reykjavik.is" <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; "gunnlaugur@olfus.is" <gunnlaugur@olfus.is>; "thormodurs@hafnarfjordur.is" <thormodurs@hafnarfjordur.is>; "kristinnp@mos.is" <kristinnp@mos.is>; "arinbjorn@gardabaer.is" <arinbjorn@gardabaer.is>; "Guðrún Ingvarsdóttir - FSRE" <gudrun.ingvarsdottir@fsre.is>; "Auður D. Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>

**Subject:** Kynning\_Lýsing-skipulagsverkefni\_br-ask\_Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð skv. 1.mgr.30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

**Date:** 3.10.2022 11:37:31

Góðan dag

*Til umsagnaraðila.*

**Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupósts!**

**Varðar** kynningu á lýsingu skipulagsverkefnis, Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breytingu á aðalskipulagi.

Vakin er athygli á að erindi þetta er aðeins sent í tölvupósti til hlutaðeigandi umsagnaraðila.

Kópavogi, 30.september og 3. október 2022, málsnr. 2208338.

*Lýsing skipulagsverkefnis.*

*Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð, breyting á aðalskipulagi. Til umsagnaraðila.*

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 27. september 2022 var lögð fram og samþykkt meðfylgjandi í viðhengi þessa tölvupósts **lýsing skipulagsverkefnis** (skipulagslýsing) varðandi fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð.

Í lýsingunni koma fram helstu áherslur bæjaryfirvalda og upplýsingar um forsendur, fyrirhugað skipulagsferli, kynningu, samráð og tímaáætlun. Fyrirhuguð breyting er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi þ.e. að og frá hverfinu.

Ofangreind lýsing skipulagsverkefnis er einnig aðgengileg á heimasíðu bæjarins, <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> (<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>) Ef óskað er nánari upplýsinga um lýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsmenn skipulagsdeildar Umhverfissviðs á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is) (<mailto:skipulag@kopavogur.is>). eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér **með óskað umsagnar umsagnaraðila á meðfylgjandi lýsingu skipulagsverkefnis eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudag 27. október 2022.**

Athugasemdir og ábendingar skulu berast skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is) (<mailto:skipulag@kopavogur.is>).

F.h. skipulagsfulltrúa Kópavogs  
Bergljót Sigríður Einarsdóttir verkefnastjóri

Hjálagt í viðhengi:

Lýsing skipulagsverkefnis, Vatnsendahæð-Vatnsendahvarf, breyting á aðalskipulagi, dags. 15. september 2022

*Umsagnaraðilar:*

*Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Vegagerðin, Samgöngustofa, Isavia, Heilbrigðiseftirlit Gb., Hfj. Kóp., Mos. og Seltj., Veðurstofa Íslands, Veitur, Landsnet, Strætó, Samtök sveitarfél. á höfuðb.svæðinu (ssh), Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusvið, sveitarfélagið Ölfus, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Garðabær, Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir.*

Bergljót S. Einarsdóttir,  
verkefnastjóri aðalskipulags /arkitekt  
Umhverfissvið Kópavogs | skipulagsdeild  
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur, sími 441 0000  
skipulag@kopavogur.is (mailto:skipulag@kopavogur.is) www.kopavogur.is (http://www.kopavogur.is/)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)